



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun Kristjánstofu
í Byggðasafninu á Dalvík
28. maí 2005**

Góðir Dalvíkingar
og aðrir gestir

Þegar Kristján Eldjárn hélt héðan úr dalnum, fyrst til mennta á Akureyri og þaðan á framandi slóðir, hefði fáum ef nokkrum komið til hugar hve margslungin vegferð hans myndi verða. En veganestið dugði vel, heimanfylgja íslenskrar bændamenningar eins og hún gerðist best, eyfirskur sóknarandi og sjálfstæðishugur íslenskrar þjóðar. Baráttan fyrir heimastjórn var foreldrum og frændgarði í fersku minni, málstaður Hannesar, Valtýs og Skúla flestum kunnur og jafnvel enn á lífi ýmsir þeir sem sagt gátu sögur af amtmönnum og Gautlendingum.

Já, vegferð Kristjáns sýndi mannkostina, fjölhæfni, drenglyndi og góðan hug, enda sá þjóðin fljótt að hún gat falið honum margskonar trúnað.

Hann færði okkur söguna í nýju ljósi, frumherji við vísindalegar rannsóknir á fornum minjum, leitaði uppi kumlin og dró úr þeim haugfé.

Hann gerði Þjóðminjasafnið að lærdómssetri og áfangastað, þar komust ungir og aldnir í návígi við fyrri aldir. Mér er í fersku minni þegar ég kom ungur strákur vestan af fjörðum og gekk í fyrsta sinn þar um sali hve hughrifin voru sterk, að sjá í fyrsta sinn dýrgripa úr þjóðarsögu.

Hann varð þjóðkunnur, alþýðlegur fræðari sem nýtti bæði ritsnilld og næman skilning á tækifærum sem hinn nýi miðill, sjónvarpið, skapaði til að færa fólkinu í landinu fróðleik sem áður var fyrst og fremst forréttindi fræðimanna.

Í Kristjáni var líka sterk skáldataug, kveðskapurinn landsfrægur þó hvergi hefði hann birst á prenti.

Allt þetta gerði það að verkum, að meðan lýðveldið var enn á ungum aldri fann þjóðin í Kristjáni forseta sinn, fól honum mikinn trúnað á erfiðum tímum. Enginn forsetanna hefur þurft að glíma við jafn þungar þrautir á vettvangi þjóðmálanna, harðar deilur um stjórnarmyndun og togstreitu flokka sem töldu átökin meira virði en sáttagjörð. Það bíður ennþá fræðimanna að gera þessum merka kafla í þjóðarsögu og ævi Kristjáns verðug skil.

Kristján og Halldóra sátu Bessastaði með miklum sóma, en mér hefur oft verið hugsað til þess hve erfitt það hlýtur þó að hafa verið að vera þar með barnahópin, ungan og fjörugan, uppátækin stundum á skjön við stífasta prótókollinn. Það var skemmtilegur vitnisburður um glaðværð þessa tíma þegar ég spurði nafna hans og sonarson, Kristján heitinn, gítarleikarann snjalla sem ég fékk til að spila fyrir góða gesti á Bessastöðum, hvort hann hefði ekki spilað hér áður. Jú, sagði hann kankvís, ég spilaði stundum badminton hérna í salnum.

Saga Kristjáns á forsetastóli var samofin umbrotatímum í þjóðlífi Íslendinga og lífsverk hans enn burðarás í þekkingu okkar á lífsháttum og menningu liðinna alda.

Og Kristjánsstofa hér á Dalvík er áminning til okkar allra um fjölþætt æviskeið, heimanmundinn úr Svarfaðardalnum sem dugði svo vel.

Áður átti þjóðin bara sitt Þjóðminjasafn en nú birtist okkur fjölþætt safnaflóra vítt og breitt um landið allt. Það hefði svo sannarlega glatt Kristján Eldjárn. Á sinn hógværa hátt hefði hann þakkað ykkur hér í dag, ekki vegna þess sem honum tengist heldur vegna hins skemmtilega skilnings á þjóðarminjum sem birtist okkur í þessu safni. Kristjánsstofa er verðug viðbót við Byggðasafnið og það er mér einkar kært að opna hana með þessum orðum hér dag.